

REGLUR

um breytingu á reglum um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl. og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds, nr. 244/2014.

1. gr.

Á eftir 10. gr. reglnanna bætist við ný grein, 10. gr. a., sem ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjald fyrir aðfaranám (Háskólabrú).

Heimilt er að innheimta þjónustugjald af nemendum í Háskólabrú (aðfaranámi), sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 og c-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við kennslu, námsráðgjöf, aðstöðu og umsýslu sem ekki er mætt með framlögum úr ríkissjóði.

Gjald fyrir fullt nám (73-97 einingar) á einu til einu og hálfu skólaári er frá 290.000-384.000 kr. Kostnaður fer eftir því hvaða námsleið nemandinn velur.

Háskólaráð getur heimilað að gjaldið sé innheimt í áföngum eða hlutfallslega miðað við fjölda eininga sem nemandi er skráður í.

Sundurliðun á forsendum gjaldsins er í viðauka II.

2. gr.

Við reglurnar bætist nýr viðauki, viðauki II, sem birtur er með reglum þessum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands með heimild í 18. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, sbr. 71. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009, og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. desember 2025.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.

Viðauki II.**Sundurliðun á þjónustugjaldi fyrir Háskólabrú.**

Kostnaður (á hvern nemanda)	Upphæð	Skýring
Heildarkostnaður samtals	1.446.555 kr.	
Þar af:		
Kennslukostnaður	991.031 kr.	Laun kennara, verktakar og umsjón
Húsnæði og búnaður	185.340 kr.	Leiga, afskriftir og tækjabúnaður
Námsráðgjöf og stoðþjónusta	71.396 kr.	Sérhæfð ráðgjöf fyrir aðfaranám
Umsýsla og önnur þjónusta	198.788 kr.	Skrifstofa, markaðsmál og tæknikerfi
Frádrag:		
Framlag ríkissjóðs	(1.061.555 kr.)	Sérstakt framlag vegna aðfaranáms
Gjaldskrá eftir umfangi náms:		
Umfang námsleiðar	Einingafjöldi	Gjald fyrir námið*
Lágmarksumfang	73 einingar	290.000 kr.
Hámarksumfang	97 einingar	384.000 kr.

*Gjaldið miðast við fullt nám á einu til einu og hálfu skólaári. Gjald fyrir aðrar útfærslur eða stök námskeið reiknast hlutfallslega út frá þessum viðmiðum.

B deild - Útgáfudagur: 12. desember 2025